

Aganefnd LH

Mál nr. 3/2009

Aganefnd LH kom saman þann 27. ágúst 2009, vegna brottvikningar Þórðar Þorgeirssonar úr landsliði Íslands á HM í Sviss, en mál þetta hafði þá borist nefndinni. Í aganefnd eiga sæti; Þorvaldur Sigurðsson formaður, Atli Már Ingólfsson hdl. og Sæþór Fannberg. Vegna eðlis málsins ákvað aganefnd að afla frekari gagna og ræða við málsaðila.

I. Málsmeðferð:

Þann 27. ágúst 2009 kom Aganefnd LH saman til fundar í húsakynnum ÍSÍ. Fundarefni var ódagsett skýrsla "landsliðsvals" Einars Öders Magnússonar (EÖM), um agabrot knapans Þórðar Þorgeirssonar (ÞÞ) og brottvikningu hans úr íslenska landsliðinu í kjölfar brotanna. Málið barst aganefnd með þeim hætti að innan 48 kls frá því að heimsmeistaramótinu í Sviss lauk hafði formaður landsliðsnefndar, Bjarnleifur Bjarnleifsson samband við formann aganefndar LH og tilkynnti honum um málið.

Á fundinum þann 27. ágúst s.l. fjallaði aganefndin um það hvort mál þetta heyrði undir lögsögu nefndarinnar. Var það niðurstaða nefndarinnar að svo væri, m.a. með vísan til 6. gr. reglugerðar um aganefnd LH. Á fundinum var ákveðið að í ljósi þess hvernig máli þessu væri háttað að afla frekari gagna í málinu og kalla á fund nefndarinnar aðila málsins og aðra þá er gætu veitt upplýsingar um málsatvik er lágu að baki brottvikningu ÞÞ úr landsliðinu. Ákveðið var að kalla eftirfarandi á fund nefndarinnar: Guðlaug Antonsson, hrossaræktarráðunaut BÍ, Harald Þórarinsson formann LH, Einar Öder Magnússon landsliðsvald, Bjarnleifur Bjarnleifsson formann landsliðsnefndar og Þórð Þorgeirsson knapa.

Þann 1. september 2009 kom Aganefnd LH að nýju saman til fundar í húsakynnum ÍSÍ. Á fundinn mættu auk nefndarmanna þeir aðilar sem nefndin hafði óskað eftir að kæmu og veittu upplýsingar í málinu. Allir hinir boðuðu aðilar mættu til fundarins og mætti ÞÞ ásamt lögfræðingi sínum Ragnari Tómassyni. Þórdís Anna Gylfadóttir starfsmaður LH ritaði endurrit fundarins.

Í ljósi þess sem fram kom í samtölum á fundi aganefndar þann 1. september 2009 var óskað eftir því að til nefndarinnar kæmu þau Gunnar Arnarson og Kristbjörg Eyvindsdóttir í Auðsholtshjáleigu. Þann 8. september 2009 komu þau á fund nefndarinnar. Á fundi nefndarinnar þennan dag var bókað að vikufrestur sem ÞÞ hafði haft til að skila greinargerð um málið til nefndarinnar væri liðinn og var samþykkt að formaður ítrekaði það við lögmann ÞÞ að koma að sjónarmiðum þeirra skriflega við nefndina.

Þann 15. september 2009 fundaði aganefnd að nýju og kynnti sér önnur gögn og framburð er vörðuðu málið. Á fundinum kom fram að umsögn Ragnars Tómassonar lögfræðings ÞÞ, dags. 9 september hafði borist nefndinni.

II. Málsatvik

Í ódagsettu bréfi Einars Öders Magnússonar (EÖM) til aganefndar LH vegna agabrots ÞP kemur fram að á þriðjudaginn 4. ágúst 2009 hafi EÖM fengið þau tíðindi að ÞP hafi verið drukkin á þjóðakvöldi heimsmeistaramótsins kvöldið áður þann 3. ágúst. Kemur fram í bréfinu að ÞP hafi fengið aðvörun um að svona hegðum yrði ekki liðin og væri í andstöðu við reglur ÍSí sem ÞP hefði skrifað undir að fylgja. Ennfremur kemur fram í erindinu að ÞP hafi ekki virt þessa aðvörun landsliðsnefndar, auk þess sem hann hafi ekki látið ná í sig í síma fyrr en seint og um síðir. Þegar EÖM hafi síðan náð fundum ÞP hafi verið augljóst af útliti ÞP og lykt að hann hefði neytt áfengis. Í kjölfar þessa hafi EÖM því vikið honum úr landsliðinu.

Eins og áður sagði kallaði aganefnd **Einar Öder Magnússon** á sinn fund þar sem hann var nánar spurður um aðdraganda þess að hann vék ÞP úr liðinu. Í máli EÖM kom fram að strax þriðjudaginn 4. ágúst hafi komið til hans aðilar sem tilkynntu honum um að einstaklingar innan landsliðsins hefðu verið drukknir á þjóðakvöldinu kvöldið áður. Nöfn þriggja einstaklinga eru nefnd í því sambandi. Spurður um viðbrögð sín við þessum fréttum segir EÖM að þau hafi verið þau að fá Gunnar Arnarson, sem þekki ÞP vel og hann telji að ÞP beri traust til og hlusti á, til að tala við hann. Hafi EÖM rætt við hina tvo knapana sem nefndir voru og hafi gert þeim ljóst að drykkja yrði ekki liðin og það þá að hafa það í huga. Hann hafi hins vegar ekki viljað hlusta of mikið á kjaftasögur og ekki sjálfur staðið þá að verki og því viljað áminna þá um rétta hegðun. Kveðst EÖM ekki hafa náð í ÞP á þriðjudeginum og ekki heldur hitt á hann á miðvikudeginum. Hafi hann heyrt í Gunnari Arnarsyni sem hafi sagst hafa talað við ÞP og hafi hann heitið því að standa sig. Í framburði EÖM kemur fram að hann hafi síðan frétt að ÞP hafi verið mjög ölvaður á fimmtudeginum og hafi vitni gefið sig fram við hann sem hafi séð Þórð drekka sterkt áfengi og bjór um miðjan daginn á fjölförnum stað. Kemur fram hjá EÖM að vitni hafi séð ÞP mjög drukkin aðfaranótt föstudagsins 7. ágúst. Hafi ÞP fundist þá um morguninn ofurölfi á klósetti á mótssvæðinu og verið borinn heim þá um morguninn af liðsfélaga sínum. Kemur fram hjá EÖM að hann hafi þó ekki sjálfur verið vitni að þessu, en heyrt þetta frá fjölmörgum aðilum á mótssvæðinu. Fram kemur hjá EÖM að hann reyndi ítrekað á fimmtudeginum eða föstudeginum að ná í ÞP en án árangurs og hafi hann lesið inn talskilaboð til ÞP. Um kvöldið (annað hvort þessara kvölda, innsk. aganefndar) hafi ÞP síðan hringt til baka. EÖM hafi þá tilkynnt honum að hann vilji hitta hann þá um kvöldið strax að afloknum kvöldfundi liðsins. Að sögn EÖM kom ÞP síðan á fund landsliðsins í þann mund er hann var að hefjast og sjáist þá strax á honum að hann sé mjög þunnur og timbraður. Eftir fundinn hafi hann síðan kallað ÞP afsíðis. Hafi hann þá fundið af ÞP áfengislykt og hafi ÞP litið mjög illa út. Kveðst EÖM hafa sagt við ÞP að nú logi ekki bara öll ljós heldur sé ÞP í vondum málum. Kveðst EÖM hafa sagt við ÞP að EÖM þyrfti nú að hugsa um áframhald málsins og tilkynnir ÞP um það hvað hann sé að hugsa um að gera í málinu. Fram kom hjá EÖM að þegar þetta samtal átti sér stað hafði EÖM haft samráð við landsliðsnefndina og Sigurð Sæmundsson fyrrverandi landsliðsnefndar. Morguninn eftir kveðst EÖM síðan hafa tilkynnt ÞP að hann væri ekki lengur í íslenska landsliðinu í hestapróttum.

Fyrir nefndina kom einnig **Bjarnleifur Bjarnleifsson** (BB) formaður landsliðsnefndar LH. Aðspurður um aðkomu sína að málinu kveður hann hana hafa verið í gegnum starf sitt sem formanns landsliðsnefndar LH og fararstjóra. Telur hann mál ÞP hafa þróast á þann veg að EÖM hafi verið nauðugur einn kostur að bregðast við með þeim hætti sem hann gerði. Kemur fram í máli BB að strax á þjóðakvöldinu hafi komið upp

agavandamál. Í máli BB kemur fram að mál ÞÞ hafi verið klárt agabrot og þannig hafi verið brugðist við því. Aðspurður um það hvort aðrir menn í landsliðinu hafi verið drukkarnir á þjóðakvöldinu kveðst hann hafa heyrt einhverjar sögur um það en menn geti ekki verið að eltast við umtal, landsliðsmenn njóti trausts. Hins vegar hafi verið svo mikið umtal og ítrekað um mál ÞÞ að liðsstjóri hafi því þurft að grípa til aðgerða.

Fyrir aganefnd kom ennfremur Þórður Þorgeirsson (ÞÞ) ásamt lögmanni sínu Ragnari Tómassyni (RT). Í upphafi fundar aganefndar með ÞÞ og RT gerði lögmaðurinn athugasemdir við það að ÞÞ hefði ekki verið gert ljóst af hverju hann hefði verið kallaður á þennan fund nefndarinnar. Ekkert skriflegt lægi fyrir um það. Upplýst var af hálfu nefndarinnar að nefndin væri með þessum samtölum sínum við aðala málsins, aðstandendur liðsins og hugsanlega þá sem gætu tjáð sig um atvik málsins að reyna að upplýsa málið með hliðsjón af rannsóknarskyldu sinni og ennfremur væri nefndin að veita ÞÞ tækifæri á að tjá sig um sína hlið málsins áður en nefndin tæki ákvörðun í hinu svokallaða agamáli ÞÞ. Af hálfu RT var þess krafist að nefndin úrskurðaði sérstaklega um það hvort hún væri bær til að fjalla um málefni kynbótaknappa á heimsmeistaramóti þar sem hann sé ekki í eiginlegri keppni á HM heldur sé þar til að sýna kynbótahross og sé ekki meiri knapi eða liðsmaður en svo að annar knapi geti sýnt hross hans eftir að honum sé vikið úr liðinu. Ítrekað er að ekkert skriflegt hafi borist í hendur ÞÞ um málið og því hafi hann ekki getað undirbúið sig með lögmanni sínum. Ofangreind sjónarmið ÞÞ og lögmanns hans voru bókuð á fundi aganefndar og tók nefndin sérstaklega afstöðu til þeirra eins og nánar verður greint frá í niðurstöðukafla þessa úrskurðar.

Ódagsett bréf EÖM um agabrot ÞÞ var á fundinum með ÞÞ og lögmanni hans lesið fyrir þá og kynnt þeim. Aðspurður um það hvort ÞÞ gæti gert grein fyrir þeim atvikum sem leiddu til þess að honum var vikið úr landsliðinu kvaðst ÞÞ ekki vilja gera það, slíkt væri hlutverk landsliðsnefndar og landsliðseivalds. Aðspurður um það til hvaða atviks ÞÞ sé að vísa í afsökunarbeiðni sinni frá 14. ágúst 2009 segir ÞÞ að við brottvikninguna hafi hann verið mjög ringlaður. Hann hafi farið fram á útskýringar en ekki fengið neinar slíkar. Hafi honum ekki verið gefin upp nein bein ástæða fyrir brottvikningu sinni úr landsliðinu. Hafi honum verið sagt óljóst að hann væri nú búinn að brjóta svo mikið af sér að ekki yrði við unað, án þess að brotin væru tilgreind. Hafi EÖM tilkynnt sér að hann hefði sést fullur á mótssvæðinu. Hvað sé að vera fullur? Þetta sé allt óljóst. Aðspurður um það hvor ÞÞ hafi fundið fyrir vínáhrifum meðan á mótinu stóð segir hann svo ekki vera. Hvað varðar þá afsökunarbeiðni sem ÞÞ lagði fram hafi hann fundið fyrir því að þetta mál hafi lagst þungt á sína fjölskyldu og bitnað á sínum nánustu, því hafi hann orðið að gera eitthvað þar sem hann hafi brotið af sér. Nánar inntur eftir því hvernig hann hafi brotið af sér viðurkennir ÞÞ að hann hafi brotið agareglurnar. Af hálfu RT kemur fram að í agareglunum komi fram að ekki sé leyfilegt að drekka dropa af áfengi en ÞÞ hafi drukkið eitthvað á þjóðakvöldinu en ekki fundið fyrir vínáhrifum. Neitar ÞÞ því að sér hafi verið kunnugt um það að landsliðseivaldurinn hafi reynt að ná í hann, eins og fram kemur í bréfi EÖM. Bendir ÞÞ á að skrítið sé að nefna að hann hafi ekki svarað skilaboðum eða að ekki hafi verið hægt að ná í hann þar sem hann hafi jú búið á sama hóteli. Aðspurður um það hver ÞÞ meti að séu þau agabrot sem honum sé vikið úr landsliðinu út af kveðst hann ekki vita það nákvæmlega þar sem honum hafi aldrei verið tjáð það beint hvernig hann hafi brotið af sér. Þórður var nú beðinn um að lýsa atburðarrásinni og því sem gerdist mótisdagana. Lýsir ÞÞ því á þann veg að; í kjölfar þjóðakvöldsins sem haldið var á mánudeginum, sem sé í kjölfar setningar mótsins hafi

honum verið tilkynnt að viðvörunarbjöllur séu farnar að klingja hvað hann varðar. Á þriðjudeginum hafi hann sýnt hross um daginn og ekkert hafi verið að gerast um kvöldið. Þetta eigi líka við um miðvikudaginn og næstu daga. Á föstudagskvöldið hafi EÖM boðað hann ásamt tveimur öðrum landsliðsmönnum til fundar við EÖM þar sem þeim hafi verið tilkynnt að til stæði að maður á vegum mótsins kæmi og tæki úr þeim lyfjapróf. Hafi hann lýst yfir samstarfsvilja til að svo gæti orðið. Af þessu hafi síðan ekki orðið þá um kvöldið, en EÖM hafi boðað að prófið yrði tekið kl. 7.00 næsta morgun. Á laugardagsmorguninn hafi síðan ekkert orðið úr prófinu en þess í stað hafi EÖM tilkynnt ÞP að honum væri vikið úr landsliðinu. Aðspurður um það hvort sér hafi verið veitt áminning áður en til þessa hafi komið kveður ÞP svo vera þar sem EÖM hafi tilkynnt sér að innan landsliðsnefndarinnar séu að blikka aðvörunarljós og að hann gæti litið á þetta sem aðvörun (*virðist ÞP eiga við samtal EÖM við hann fyrir um vikuna, innsk. aganefndar*). ÞP hafi síðan átt að sýna hross á yfirlitssýningu á laugardeginum en verið vikið úr liðinu þá um morguninn. Lýsir ÞP því yfir við aganefnd LH að hann hafi ekki smakkað áfengi eftir þjóðakvöldið á mánudeginum.

Fyrir fund aganefndar mættu einnig í umrætt sinn þeir **Guðlaugur Antonsson**, landsráðunautur BÍ í hrossarækt og **Haraldur Þórarinnsson** formaður LH.

Á fund nefndarinnar þann 8. september komu þau **Gunnar Arnarson** og **Kristbjörg Eyvindsdóttir** í máli þeirra kom fram að á umræddu móti hafi ÞP verið að vinna tiltekið verkefni fyrir son þeirra. Á þriðjudeginum hafi EÖM haft samband við þau og sagt þeim að kvöldið áður (á þjóðakvöldinu) hafi ekki verið gott ástand á ÞP. Hafi EÖM í kjölfarið beðið Gunnar að ræða við Þórð og fá hann til að drekka ekki meira á mótinu. Kveðst Gunnar hafa hringt í ÞP á þriðjudaginn og hafi hann talað hreint út við hann og tjáð honum að það loguðu gul ljós. Hafi Gunnar beðið ÞP að taka sig á og kvað ÞP hafa verið meðvitaðan um að ástandið hafi ekki verið eins og það ætti að vera. Kemur fram í máli Gunnars og Kristbjargar að ÞP hafi ekki verið líkur sjálfum sér á þessu móti. Aðspurð um það hvort þau hafi haft einhver frekari afskipti af ÞP á þessu móti kveða þau svo ekki hafa verið. Hafi ÞP forðast að ræða við þau og forðast augnsamband við þau ef þau voru nærri. Hins vegar hafi þau heyrt margar leiðinlegar sögur af honum á mótinu m.a. að á fimmtudagskvöldið hafi hann verið borinn út af einhverju klósetti á mótssvæðinu. Hafi það verið nafngreind sænsk kona sem sá hann þar. Telja þau að ÞP hafi ekki verið með sjálfum sér þetta mót og ekki staðið undir nafni sem fyrirmynd líkt og hann geri vanalega á slíkum mótum. Eftir brottvikningu ÞP úr landsliðinu á laugardeginum hafi verið ákveðið að Sigurður Matthíasson myndi sýna hest sonar þeirra til að leysa þann vanda sem upp var kominn. Kemur fram að meðan á öllu þessu gekk hafi ÞP ekki í eitt skipti spurst fyrir um hestinn og ekkert talað við þau eða eiganda hestsins. Hafi öll framkoma ÞP verið mjög sérstök á mótinu.

Fram kemur hjá Gunnari að ástand ÞP á fimmtudeginum hafi verið áberandi slæmt.

Á fundi aganefndar þann 15. september tók aganefnd fyrir aðrar upplýsingar sem lágu fyrir nefndinni og ræddi við aðila sem eingöngu vildi tjá sig við nefndina ef fyllsta trúnaðar væri gætt. Aganefnd getur eins og gefur að skilja ekki byggt á framburði aðila sem ekki vilja koma fram undir nafni. Hins vegar telur aganefnd umræddan aðila vera mjög trúverðugan og styrkja það sem þegar hefur komið fram í samtölum við aðila málsins. Fram kom hjá viðkomandi að hann hafi séð ÞP við drykkju eftir hið umrædda þjóðakvöld og þá um miðjan dag.

III. Niðurstaða málsins.

3.1.

Fyrir aganefnd liggja eftirfarandi gögn:

1) Lög ÍSÍ um lyfjamál, 2) Reglur LH um ferðalög innanlands og utan, 3) Reglur ÍSÍ um keppnisferðir, 4) Undirrituð yfirlýsing ÞÞ, dags. 17. júlí 2009, 5) Afsökunarbeiðni ÞÞ dags. 14. ágúst 2009, 6) afrit af farseðli ÞÞ frá 23. júlí 2009, 7) skrifleg greinargerð lögmans ÞÞ dags. 9. september 2009, 8) Reglugerð aganefndar LH, 9) ódagsett greinargerð Einars Öders Magnússonar um agabrot ÞÞ, 10) skýrsla liðsstjóra HM í Sviss dags 2009, 11) reglur um kynbótasýningar fyrir árið 2009.

Aganefnd hélt alls 5 fundi þar sem aflað var gagna um atvik er leiddu til brottvikningar ÞÞ og rætt var við aðila sem nefndinni var tilkynnt um að gætu upplýst um atvik málsins. Málsmeðferð var töluvert umfangsmikil og þótti rétt að vanda vel til allrar upplýsingaöflunar í málinu og hefur því dregist að úrskurða í málinu.

3.2.

Í greinargerð ÞÞ, dags. 9. september 2009 er bent á hvorki honum né lögmanni hans hafi borist skrifleg kæra vegna þessa máls. Bendir lögmaður ÞÞ á að ekki sé nokkur leið fyrir aganefndina að afla sér gagna um það hvort agabrot ÞÞ hafi verið alvarlegt eða kannski fyrst og fremst “tæknilegt”. Bendir lögmaðurinn á að það hafi verið auðvelt fyrir landsliðsnefndina að afla sér sönnunar um meint brot ÞÞ (t.d. með því að láta hann blása í mæli). Þetta hafi landsliðsnefndin ekki gert og verði hún því að bera hallan af því sjálf að hafa ekki unnið fagmannlegar að málinu.

Bendir lögmaður ÞÞ á að vegna þrýstings frá erlendum aðildarfélögum FEIF sé dagskrá Heimsmeistaramóta íslenska hestsins samblanda af hefðbundinni íþróttakeppni og kynbótasýningum. Engar yfirlýsingar “keppenda” á HM fái því breytt að þessar greinar lúti hins vegar algjörlega ólíkum starfsreglum. Af þeirri ástæðu hafi verið hægt að útvega annan knapa á hross Þórðar sem dæmi. Með því háttalagi var landsliðsnefndin í rauninni að staðfesta það sem vitað var að Þórður var ekki að “keppa” á HM, hann hafi verið að “sýna” kynbótahross. Kveðst lögmaður ÞÞ þekkja vel hverjar kröfur ÍSÍ hafi á sínum tíma gert til íþróttapáttarins í hestaíþróttum. Það þurfi hins vegar ekki að fara mörgum orðum um það að LH hefði hins vegar aldrei fengið inngöngu í ÍSÍ með kynbótasýningarnar innanborðs. Hins vegar er jafnframt bent á að það sé ljóst að Agadómstóll ÍSÍ muni tæpast treysta sér til þess að fjalla um sýnendur kynbótahrossa í ljósi sögunnar og allra málsatvika þessa máls. Sem dæmi um lausung í framkvæmd hjá landsliðsnefndinni þá nefnir lögmaður Þórðar að honum hafi verið sagt að mæta í lyfjapróf á föstudagskvöldið á meðan á mótinu stóð. Hafi ÞÞ mætt á tilgreindum tíma og stað. Hins vegar hafi ekkert orðið úr þessu lyfjaprófi vegna einhvers sem sé ÞÞ óviðkomandi. Hallann af þessu verði landsliðsnefndin að bera. Bendir lögmaður ÞÞ á að það hafi hlotið almenna aðdáun þegar ÞÞ baðst opinberlega afsökunar á “agabrotum” sínum og hafi þar með stutt við bakið á landsliðsnefndinni. Hafi þetta verið drengilega gert hjá ÞÞ.

3.3. Um lögsögu aganefndar til að fjalla um brot ÞÞ.

Aganefnd fjallaði sérstaklega um það hvort nefndin gæti tekið fyrir brot knapa sem sýndi hross á kynbótasýningu heimsmeistaramótsins en væri ekki í keppandi í íþróttakeppni mótsins. Knapi á kynbótahrossi nýtur stuðnings styrktaraðila til fararinnar og fær sömu fjárframlög og aðrir knapar liðsins fá. Allir knapar og sýnendur hrossa á HM fyrir Íslands hönd rita aukin heldur undir sérstaka yfirlýsingu þess efnis að þeir hafi kynnt sér reglur LH og ÍSÍ varðandi ferðalög innanlands sem utan, auk þess að þeir hafi kynnt sér nýsamþykktar reglur um lyfjamál og muni hlíta þeim í einu og öllu ásamt öðrum þeim fyrirmælum sem LH kann að setja vegna þátttöku á HM. Kemur fram í yfirlýsingunni sem undirrituð er af öllum landsliðsmönnum þar á meðal Þórði Þorgeirssyni, að brot gegn þessum fyrirmælum kunni að hafa þær afleiðingar að þeim sem undir yfirlýsinguna ritar verði vísað úr landsliðinu fyrirvaralaust. Það er mat Aganefndar að þrátt fyrir að aðrar keppnisreglur gildi um kynbótahross á heimsmeistaramótum og þrátt fyrir að hægt sé að skipta um knapa á kynbótahrossum á mótinu og þó að staðið sé með öðrum hætti að vali á hestum og knöpum á kynbótahross í landsliðið, sé ljóst að knapi á kynbótahrossum á heimsmeistaramótum er hluti af íslenska landsliðinu. Telur aganefnd ljóst að Þórður Þorgeirsson var hluti af íslenska landsliðinu á HM í Sviss og bundinn af þeim reglum sem að liðinu lúta m.a. agareglum LH og þar með úrskurðarvaldi Aganefndar LH. Ekki skiptir máli þó ÞP hafi verið knapi á kynbótahrossi á kynbótasýningu mótsins en ekki keppt í íþróttakeppninni, allt að einu er hann hluti landsliðs Íslands, þó um sjálfa kynbótasýninguna sé fjallað í reglum um kynbótasýningar en hins vegar gildi hefðbundnar FIPO reglur í íþróttakeppninni.

3.4. Forsendur og niðurstaða

Eins og fram kemur í sjónarmiðum þeim sem sett eru fram af hálfu lögmanns Þórðar Þorgeirssonar í máli þessu telur hann að umbjóðandi hans verði að njóta þess vafa sem uppi sé um brot Þórðar og hversu víðtæk og alvarleg þau séu í raun. Landsliðsnefndin hafi látið hjá líða að afla sýna hjá umjóðanda hans og því sé alls óvíst um það hvers eðlis meint brot Þórðar sé utan þess sem hann hefur þegar játað og beðist afsökunar á. Eins og fram hefur komið í úrskurði þessum þá nýtur nú töluverðra gagna við í máli þessu um meint agabrot Þórðar Þorgeirssonar. Telur Aganefnd LH í ljós komið að ekki einungis hafi Þórður verið drukkinn á þjóðakvöldi mótsins, heldur hafi drykkja hans haldið áfram einhverja aðra daga mótsins. Hefur EÖM borið fyrir nefndinni að mikil áfengislykt hafi verið af ÞP föstudagskvöldið þegar hann mætti á liðsfund hjá liðinu og hafi verið ljóst að ÞP hafi verið mjög "þunnur". Hafa fleiri aðilar staðfest óreglu ÞP á umræddu móti fyrir nefndinni. Ljóst er og staðfest með afsökunarbeiðni ÞP, dags. 14. ágúst 2009 og með framburði ÞP hjá aganefndinni að ÞP neytti hið minnsta áfengis á þjóðakvöldi mótsins. Ljóst er jafnframt að með því braut ÞP gegn reglum LH um ferðalög innanlands og utan og reglum ÍSÍ um keppnisferðir. Aganefnd getur ekki fallist á þá ríku kröfu til sönnunar sem lögmaður ÞP gerir um það hvernig sannað verði að umbjóðandi hans hafi neytt áfengis. Telur aganefnd að viðkomandi liðsstjóri og þá í kjölfarið Aganefnd LH geti byggt á almennu mati á því hvort liðsmaður er drukkinn. Hægt sé að byggja á því hvort af viðkomandi hafi stafað megn vínlykt eða hvort augljóst er af fasi viðkomandi að hann á við vanlíðan að stríða sökum áfengisneyslu daginn áður. Á þetta við einkum og sérílagi þegar stuðst er við alla þessa þætti saman, auk framburðar frá vitnum um hegðun og háttsemi viðkomandi. Hins vegar fellst nefndin á það sjónarmið að gott væri í tilvikum sem þessum að bjóða upp á þann möguleika að láta blása í blöðru eða

gefa blóðsýni eða framkvæma sambærilegar rannsóknir á því hvort sá sem grunaður er um neyslu áfengis hefur í raun gert það og þá hve mikið. Slíkt myndi án efa styrkja mál í tilvikum sem þessum. Ekki er þó hægt að horfa fram hjá almenntri skynsemi í málum sem þessum og telur aganefnd að áfram verði almennt byggt á því sem liðstjóri eða fararstjóri sér og upplifir sjálfur. Hins vegar verður þá að gera nokkuð ríkar kröfur til slíks manns um það að hann skrái skýrt hjá sér þau tilvik sem um ræðir og hvernig mál ganga fyrir sig. Rétt væri einnig þegar einstaklingi er vikið úr landsliði að þá sé slíkt gert skjállega með einföldu bréfi sem afhent sé viðkomandi ásamt ástæðum brottvikningar.

Aganefnd telur agabrot Þórðar Þorgeirssonar mjög alvarleg. Um er að ræða einn virtasta knapa landsins og landsliðsmann, sem hlotið hefur fjölda viðurkenninga og nýtur ÞÞ vinsælda og virðingar langt út fyrir landsteinana. Með sanni má segja að ÞÞ sé mörgum fyrirmynd. Þórður var í landsliðshópi Íslands og bar sem slíkum að sýna af sér þá reglusemi sem áskilin er í íþróttum. Á því var mikill misbrestur. Það er sérstaklega mikilvægt að þeir sem keppa í hestaíþróttum fyrir landslið Íslands séu landi og þjóð til sóma.

Með hliðsjón af alvarleika agabrota ÞÞ telur aganefnd LH að hæfileg refsing vegna slíkra brota sé tuttugu og fjögurra (24) mánaða keppnisbann.

Þórður Þorgeirsson sendi frá sér afsökunarbeiðni þann 14. ágúst 2009, þar sem fram kemur að brottvikning hans úr landsliðinu fyrir agabrot hafi verið honum og fjölskyldu hans erfið reynsla. Rétt þykir að horfa til þess að Þórður hefur sent frá sér afsökunarbeiðnina og hefur í henni beðið trúnaðarmenn landsliðsins, hestamenn og aðra velunnara hestamenskunnar afsökunar á agabrotum sínum. Með vísan til framansagðs ákveðst refsing Þórðar Þorgeirssonar vegna agabrota hans á Heimsmeistaramótinu í Sviss 2009, keppnisbann í tólf (12) mánuði frá upphafsdegi HM í Sviss að telja. Úrskurði Aganefndar LH má áfrýja til dómstóls ÍSÍ.


ÚRSKURÐARORÐ


Þórður Þorgeirsson skal sæta keppnisbanni í 12 mánuði, frá 3. ágúst 2009, upphafsdegi heimsmeistaramóts íslenska hestsins í Sviss 2009 að telja.

Reykjavík, 29. september 2009.

Aganefnd L.H.


Þorvaldur Sigurðsson, formaður


Atli Már Ingólfsson hdl.


Sæþór Fannberg

Mér birt þann

Þórður Þorgeirsson eða fyrir hönd hans